

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit sem staðfest var af umhverfisráðuneytinu 19. mars 2002.

2. gr.

Þróargjald fyrir árið 2002 skal vera kr. 4.000 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 6.000 fyrir 3600 l þrær eða stærri.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 30. október 2001, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 2002.

Eyjafjarðarsveit, 26. mars 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.